

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar. A-hluti.

Almennt.

Gjaldskráin gildir á orkuveitusvæði Rafveitu Hafnarfjarðar. Hún skiptist í tvo hluta:

A-hluta, sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu raforku. Einnig fjallar hann um skilgreiningu á raforkutöxtum, mælaleigu, heimtaugagjöldum, tengigjaldi, innheimtugjaldi, enduropnunargjaldi og álestrargjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluta, sem sýnir gildandi verð fyrir raforku og aðra gjaldskrárlíði.

Skýringar

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Heiti</i>
A	Amper	Straumur
V	Volt	Spenna
kW	kílówatt	afl
kW/ár	árskílówatt	árskílówatt
kWh	kílówattstund	orka

Notandi: Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli.

Orkukaupandi: Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla.

Húsveita: Búnaður notanda, sem tengist einum mæli.

Ársnotkun: Fjöldi kWh, sem notaður er á einu ári.

Afltoppur: Mesta mælda afl, kW á árinu.

Fast gjald: Gjald, sem greitt er fyrir 365 daga.

Rafveita Hafnarfjarðar selur rafmagn á þann hátt og á því verði sem greint er frá í B-hluta gjaldskrár rafveitunnar. Virðisaukaskattur leggst á gjaldskrárlíði samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

A. Almenn notkun.

A1. Taxti A1. Gildir fyrir alla almenna notkun.

Sjá einnig taxa C1, Afl- og orkunotkun, varðandi notendur með ársnotkun minni en 200.000 kWh.

Sölu til heimila er heimilt að sérgreina með taxaheiti **B1**.

B2 Blönduð notkun.

Taxti B2 er fyrir sumarhús, hesthús og bátaskýli. Hann gildir fyrir rafmagnsnotkun þar sem blandast saman almenn notkun og notkun til rafhitunar. Öll raforka er afhent ófófin. Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald. Raforkukaup til rafhitunar í sumarhúsum eftir D-hitatöxtum er óheimil. Heimilt er að selja raforku til þessara nota, eftir taxa A1 eða B1, ef hagstæðara reynist.

C. Aflmæld notkun.

C1. Taxti C1. Gildir fyrir orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og meiri.

Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á almennan taxa og afl- og orkutaxta.

Taxti C1 skiptist í vetrarorkugjald, sumarorkugjald, fast gjald og aflgjald.

Orkugjald greiðist fyrir hverja kílówattstund, vetrarorkuverð á tímabilinu 1. október til og með 30. apríl og sumarorkuverð á tímabilinu 1. maí til og með 30. september.

Fast gjald inniheldur fastan kostnað, óháðan rafmagnsnotkun.

Aflnotkun reiknast eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Aflgjald er reiknað eftir hæsta afltoppi almanaksárs.

Notandi greiðir aflgjald eftir áætlaðri aflnotkun, sem miðast að jafnaði við notkun fyrra árs, eða áætlaðri rökstuddri aflnotkun yfirstandandi árs.

Reynist mældur ársafltoppur hærri en hinn áætlaði greiðir notandi mismuninn.

Notanda með ársnotkun minni en 200.000 kWh er heimilt að kaupa raforku samkvæmt taxta C1 sé það honum hagstætt. Notandi skal þá greiða lágmark 200.000 kWh á ári en afltoppur greiðist samkvæmt mælingu.

Notandi á taxta C1 er fluttur á taxta A1 verði ársnotkun minni en 200.000 kWh og sé taxti C1 honum óhagstæður. Annars verður hann áfram á taxta C1 og greiðir að lágmarki 200.000 kWh á ári. Það sem á vantar í 200.000 kWh greiðist að hálfu með vetrarorkugjaldi og að hálfu með sumarorkugjaldi.

C2. Taxti fyrir götu- og útilýsingu.

Lýsingin stjórnast að jafnaði með stjórnbúnaði rafveitunnar, sem stjórnar eftir dagsbirtu.

Notandi greiðir samkvæmt uppsettu afli ljósbúnaðar, aflgjald, viðhaldsgjald og stofnkostnað að fullu.

Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.

Rafveitan setur upp ljósbúnað til götu- og útilýsingar samkvæmt óskum notanda. Ljósbúnaður skal fullnægja kröfum rafveitunnar.

C6. Taxti fyrir órofna útilýsingu og magnara í fjarskiptakerfum.

Fyrir notkun sem ekki þolir rof t.d. undirgöng í gatnakerfi, magnara í fjarskiptakerfum, umferðarskilti og umferðarljós.

Notandi sér um viðhald á notendabúnaði.

C7. Órofin útilýsing.

Sama og C6 nema að rafveitan sér um viðhald á notendabúnaði.

D. Hitun.

D1. Órofin húshitun. Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Fyrir hitun, sem ekki þolir rof.

Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D3. Rofin húshitun, óreglulegur roftími, allt að 3 klst. á sólarhring.

Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D4. Rofin iðnaðarhitun, óreglulegur roftími, allt að 3 klst. á sólarhring.

Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D5. Rofin húshitun, fastur roftími, 2 x 2 klst. á sólarhring á tímabilinu frá kl. 10.30 til 12.30 og kl. 17.15 til 19.15.

Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D6. Rofin iðnaðarhitun, fastur roftími, 2 x 2 klst. á sólarhring á tímabilinu frá kl. 10.30 til 12.30 og kl. 17.15 til 19.15.

Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D7. Næturhitun, húshitun, fastur roftími allt árið á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 21.00.

Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

DN. Næturhitun, iðnaðarhitun, fastur roftími allt árið á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 21.00.

Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D8. Rofin iðnaðarhitun, roftími 2 x 2 klst. á sólarhring á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.30 og kl. 17.00 til 19.30.

Orkunotkun 200.000 kWh á ári eða meiri.

Notandi greiðir vetrarorkugjald á tímabilinu 1. október til og með 30. apríl og sumarorkugjald á tímabilinu 1. maí til og með 30. september.

Ennfremur greiðir notandi fast gjald.

DT. Tvígjaldstaxti, iðnaðarhitun.

Taxti DT skiptist í lágorkugjald, háorkugjald og fast gjald.

Háorkugjald greiðist á tímabilinu kl. 10.00-12.00 og 17.00-19.00 frá 15. september til og með febrúar. Á öðrum tíma greiðist lágorkugjald.

Skiptingu á milli lágorkugjalds og háorkugjalds er stjórnað með álagsstýrikerfi rafveitunnar.

D9. Næturhitun, iðnaðarhitun, fastur roftími allt árið á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 21.00.

Orkunotkun 200.000 kWh eða meiri á ári.

Notandi greiðir vetrarorkugjald á tímabilinu 1. október til og með 30. apríl og sumarorkugjald á tímabilinu 1. maí til og með 30. september.

Ennfremur greiðir notandi fast gjald.

Skýringar.

Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á mismunandi daghitataxta.

Notanda með vaxandi ársnotkun, sem keypt hefur raforku samkvæmt taxta D4 eða D6, er heimilt að kaupa raforku samkvæmt þeim töxtum þar til hann nær 220.000 kWh ársnotkun. Verði ársnotkun meiri en 200.000 kWh á ári, er honum heimil notkun á taxta D8.

Notandi sem greiðir samkvæmt taxta D8 er fluttur á taxta D4 eða D6 verði ársnotkun minni en 200.000 kWh og sé taxti D8 honum óhagstæður. Annars er notkun áfram á taxta D8 þar til ársnotkun verður minni en 180.000 kWh, þá er notkun flutt á taxta D4 eða D6.

Sömu ákvæði varðandi flutning milli taxta og gilda gagnvart töxtum D4, D6 og D8, gilda gagnvart næturhitatöxtunum DN og D9.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitanotkunar:

- Sækja skal skriflega um kaup á raforku til hitunar á eyðublöðum sem rafveitan lætur í té.
- Að veitukerfið og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að raforkunotkun með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.
- Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- Að hitalagnir og öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, og að hitatæki séu fasttengd. Ekki er heimilt að setja tengla á greinar, sem flytja raforku sem seld er eftir D-töxtum.

- f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir byggingastöðlum.
- g) Að raforkan sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum sem breyti henni í hitaorku.
- h) Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins, mega vera tengd og sammæld með hitatækinu, enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg.
Undir D-taxta í gjaldskránni falla ekki olúkynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða lofthitunarkerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið A, B eða C eftir því sem við á.

F. Önnur notkun.

- F1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt á framangreindum gjaldskrárákvæðum á liðunum A til og með D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
- F2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Leiga fyrir þessi tæki er innifalin í fastagjaldi viðkomandi taxta.

Óski notandi þess leigir rafveitan honum mælitæki og stjórnækki til annarra nota en að framan greinir.

Ársleiga fyrir önnur mæli- eða stjórnækki skal vera sem næst 15% af nýverði viðkomandi tækis.

H. Fast gjald greiðist af hverri sérmældri notkun.

2. Heimtaugagjöld.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar og samþykkt hefur verið af henni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Aðalheimtaug.

Greitt skal fyrir aðalheimtaug samkvæmt töflu í B-hluta.

Gjald fyrir heimtaug með meiri flutningsgetu en taflan greinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 230 V kerfi og 1200 A í 400 V kerfi.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð eða húsnæði undir stöðina samkvæmt sérstöku samkomulagi og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal hann greiða fullt verð fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu verði hinnar fyrri heimtaugar, hvorttveggja eftir gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt samkvæmt töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytinga á stofnlínu í götu, greiðir húseigandi heimtaugargjald samkvæmt töflu. Húseigandi kostar breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og tekur á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa.

Ef 3x230 V notendakerfi er breytt í 3x400 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi

kostar breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og tekur á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa.

Bráðabirgðaheimtaug.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greitt samkvæmt töflu í B-hluta gjaldskrár.

Lengdargjald jarðstrengsheimtaugar er reiknað af lengd hennar í heilum metrum frá næsta útítengiskáp eða rofa í dreifistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu að frádregnum allt að 5 m ef þeir eru innan lóðarmarka.

Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu, sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

Lengdargjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast fyrir hvern stólpa umfram einn frá lágspennukerfi rafveitunnar að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sumarhúsaheimtaugar.

Heimtaugar til sumarhúsa eru 1-fasa 35 A (8 kVA), eða þrífasa 3 x 35 A. Fyrir stærra heimtaugar til sumarhúsa en 3 x 35 A greiðist samkvæmt kostnaði þó ekki lægra gjald en fyrir 3 x 35 A heimtaug.

Mælatafla sem rafveitan leggur til er innifalin í gjaldinu. Mælataflan er staðsett utanhúss - helst á norðurvegg.

Verði kostnaður við tengingu einstaks sumarhúss við kerfi rafveitunnar meiri en 50% hærri en sumarhúsaheimtaugagjald, samkvæmt gildandi gjaldskrá, skal rafveitunni greiddur sá kostnaður sem er umfram 50%.

Smáheimtaugar.

Eru fyrir magnara í fjarskiptakerfum, sem venjulega eru í götuskápum, lýsingu í undirgöngum undir vegi, umferðarskilti og umferðarljós.

Varðandi aðalheimtaugar, bráðabirgðaheimtaugar og smáheimtaugar.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar frá veitukerfi rafveitunnar eða annarra aðstæðna, svo sem að svæði sem leggja á rafstreng eða loftlínu um, sé óskipulagt eða ófrágengið fyrir endanlega lögn, að kostnaður við lagningu verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal rafveitunni greiddur sá kostnaður sem er umfram 50%.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaugin sé lögð þegar frost er í jörðu skal hann greiða aukagjald samkvæmt ákvörðun rafveitunnar.

Tengigjald.

Rafveitan getur látið í té tengingu við dreifikerfi rafveitunnar vegna skammtímanotkunar þar sem tenging við kerfið er aðgengileg.

Fyrir slíka tengingu er greitt tengigjald. Tengigjaldið er innheimt tvívegis, fyrir tengingu og fyrir aftengingu. Sé tenging eða aftenging framkvæmd utan venjulegs dagvinnutíma greiðist álag á tengigjaldið. Dagvinnutími telst vera frá kl. 8.00 til kl. 16.00 alla virka daga.

Innifalið í tengigjaldi er leiga á sérsmíðaðri töflu og búnaði, tenging eða aftenging, úttekt á viðkomandi rafkerfi og akstur.

3. Ýmis ákvæði.

Greiðsluskilmálar.

Gjalddagi reiknings er útgáfudagur. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, getur rafveitan áskilið sér dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum af því sem gjaldfallið er talið frá og með gjalddaga.

Innheimtugjald.

Undirbúningur að stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila notanda telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

Enduropnunargjald.

Komi til stöðvunar orkuafhendingar vegna vanskila notanda skal hann greiða gjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar við innheimtugjald samkvæmt fyrri málsgrein.

Álestrargjald.

Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í raforkugjöldum gjaldskrár.

Óski notandi þess að oftast sé lesið á mælitæki, er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

Launafl.

Ef meðallaunafl nemur 48,4% eða meira af mesta meðalraunafla á mánuði, miðað við (fasviksstuðull < 0,9), er heimilt að hækka aflgjald og orkugjald um 15%.

Fasviksjöfnun.

Við fasviksjöfnun þarf að taka tillit til álagsstýringar rafveitunnar.

Varðandi fasviksjöfnun gilda ákvæði í tæknilegum tengiskilmálum rafveitna.

Notanda og eða húseiganda er skylt að kynna sér ákvæði rafveitunnar áður en fasviksjöfnunarbúnaður er ákveðinn.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. október 1999. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá nr. 544 6. október 1994.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. september 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

GJALDSKRÁ**Rafveitu Hafnarfjarðar.
B-hluti.****1. Raforka og aðrir gjaldskrárliðir.**

Nánari skýringar á gjaldskrárliðum er að finna í A-hluta gjaldskrár.

A1. Almenn notkun.

Orkugjald	6,05 kr./kWh
Fast gjald	2.616,00 kr./ár

B1. Heimilisnotkun. Sama verð og skilmálar og gilda fyrir taxa A1.